

Sviðsstjóri veitusviðs



FJARÐABYGGÐ

Fjarðabyggð leitar að öflugum starfsmanni í starf sviðsstjóra veitusviðs. Um er að ræða nýtt og spennandi starf hjá sveitarfélaginu, en umfang og framkvæmdastjórn veitna er ört vaxandi í starfssemi sveitarfélagsins. Sviðsstjóri ber ábyrgð á stjórnun og starfsemi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu og fráveitu Fjarðabyggðar. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Umsóknarfrestur

26. febrúar

Starfssvið

- Ábyrgð á stjórnun og starfsemi veitna sveitarfélagsins.
- Ábyrgð með framkvæmdum og viðhaldi.
- Gæða-, tækni- og eftirlitsmál.
- Áætlanagerð og eftirlit með rekstri.
- Starfsmannamál.
- Undirbúningur útboða.
- Umsjón með samningagerð og leyfismálum vegna veitna.
- Eftirlit með framkvæmd samninga, laga og reglugerða.
- Eftirfylgni stefnumörkunar og ákvarðana.
- Samskipti við aðrar stofnanir sveitarfélagsins og hagsmunaaðila.

Frekari starfslýsing og ábyrgð er að finna á www.fjardabyggd.is

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/4532

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verk- eða tæknifræði skilyrði.
- Reynsla af stjórnun og rekstri er kostur.
- Þekking og/eða reynsla af áætlanagerð og gæðamálum er kostur.
- Þekking og reynsla af veitumálum er kostur.
- Reynsla af verklegum framkvæmdum er kostur.
- Þekking og reynsla af samningagerð er kostur.
- Þekking og reynsla á starfsumhverfi opinberrar stjórnsýslu er kostur.
- Forystu-, skipulags- og samskiptahæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.
- Kostur er að viðkomandi fullnægi hæfniskröfum til ábyrgðarmanna raforkuvirkja rafveitna sbr. 4. gr. reglugerðar um raforkuvirki.

Fjarðabyggð er stærsta sveitarfélagið á Austurlandi og 10. stærsta sveitarfélag landsins. Veruleg uppbygging hefur átt sér stað í Fjarðabyggð á liðnum árum, bæði í þjónustu og atvinnulífi. Í sveitarfélaginu er hátt þjónustustig, framúrskarandi skólar ásamt öflugu menningar-, afþreyingar-, og íþróttastarfi. Náttúran er stórbrotin bæði til að njóta og til útivistar. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4700 talsins í sex byggðarkjörnum. Þú ert á góðum stað í Fjarðabyggð.

Launakjör taka mið af launakerfi sviðsstjóra hjá sveitarfélaginu. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til þess að sækja um stöðuna.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2019